

Birtist á Pressan.is, 1. apríl 2010.

Handahófskennd úthlutun verðmæta án endurgjalds

Jón Steinsson

Eitt af því jákvæða sem hlýnun sjávar virðist vera að hafa í för með sér er stóraukin ganga makríls í íslenska lögsögu. Ekki eru nema nokkur ár síðan íslenskar útgerðir tóku að veiða makríl. Árið 2008 var fyrsta árið sem eitthvað verulegt magn af makríl var veitt. Það er því nánast engin „veiðireynsla“ fyrir hendi á Íslandi hvað varðar makríl.

Árið 2009 var fyrsta árið sem heildarveiði íslenskra útgerða var takmörkuð af stjórnvöldum. Kvóta var hins vegar ekki úthlutað á skip eða útgerðir. Þetta leiddi til „ólympískra veiða“ þar sem útgerðirnar kepptust um að moka eins miklu á land áður en heildarkvótinn kláraðist. Afliinn fór því að mestu í bræðslu og mikil verðmæti fóru forgörðum. Þessi reynslan er góð áminning um það hversu mikilvægt kvótakerfi þar sem kvóta er úthlutað á skip eða fyrirtæki er í því að stuðla að hámarksverðmætasköpun í sjávarútvegi.

Það er því stórt skref í rétta átt að sjávarútvegsráðherra hafi ákveðið að úthluta makrílkvóta á skip á þessu ári. Þetta mun án efa stórauka þau verðmæti sem verða til við veiðarnar og gera makrílveiðarnar mun meiri búbot fyrir þjóðina en ella.

Úthlutunaraðferðin sem ráðherra velur orkar hins vegar tvímælis svo ekki sé fastar að orði kveðið. Í gær skrifaði Jón Bjarnason undir reglugerð sem úthlutar 112 þúsund tonna markrílkvóta á grundvelli veiðireynslu. Eins og fyrr segir er nánast engin veiðireynsla fyrir hendi í makríl þar sem veiðar eru nýbyrjaðar. Úthlutun kvóta eftir veiðireynslu er því alveg sérstaklega handahófskennd aðferð í þessu tilfelli.

Það þarf varla að taka það fram að 112 þúsund tonna markrílkvóti er gríðarlega verðmætur. Það er með ólíkindum að stjórnvöld skuli telja að þau geti komist upp með að úthluta jafn miklum verðmætum og hér um ræðir endurgjaldslaust til fárra útvaldra.

Myndi slíkt líðast á einhverju öðru sviði? Myndi það til dæmis líðast að aðrar eigur þjóðarinnar (svo sem Landsvirkjun eða Landsbankinn) væru færðar fáum útvöldum án endurgjalds eða á undirverði? Væri slíkt ekki hneiksli? Af hverju er þessu öðru vísi farið í sjávarútvegi?

Efnahagsáætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir því að þau skeri niður og/eða hækki skatta um 50 ma.kr. á næsta ári. Og árið þar á eftir þarf að ganga enn lengra. Þessar aðgerði munu vera afskaplega sársaukafullar. Í þessu ljósi skýtur sérstaklega skökku við að ríkið láti eigur sínar af hendi endurgjaldslaust til fárra útvaldra. Auðlindagjöld eru hagkvæmasta tekjulindin sem ríkið á vól á. Það sætir furðu að skattgreiðendur láti það yfir sig ganga að virðisaukaskattur sé hærri á Íslandi en annars staðar á byggðu bóli á meðan stjórnvöld gefa fáum útvöldum þjóðareignir í milljarðavís ár eftir ár.